

Fundur haldinn í stjórn hjúkrunar - og dvalarheimilisins Nausts, föstudaginn 3. júní 2011 kl. 8:00 á skrifstofu Langanesbyggðar.

Mætt voru: Ásta Laufey Þórarinsdóttir, Ragnhildur Karlsdóttir, Linda Björnsdóttir, Jóhanna Helgadóttir og Gunnólfur Lárusson framkvæmdarstjóri sem ritaði fundargerð á tölvu.

Dagskrá:

1. Þriggja mánaðar uppgjör og fl.

Nýtingin nú eru 9 í hjúkrunarrými og 1 í dvalarrými. Engin nýting er á dagvistunarrýmum. Heimilið hefur leyfi fyrir 11 hjúkrunarrýmum, 3 dvalarrýmum og 4 dagvistarrýmum. Í 3 mán. uppgjóri eru laun og launatengd gjöld 1 millj. yfir áætlun og eru nokkrar ástæður sem liggja þar að baki. Rekstraframlag ríkisins er um 5 millj. undir áætlun, fyrst og fremst vegna lélegrar nýtingar á rýmum.

Bókara var falið að ath. með hvort eitthvað væri ógreitt hjá Tryggingastofnun, jafnframt að bókhald væri alltaf tilbúið þann 20. hvers mánaðar.

Fara verður út í að auglýsa Naust og benda á að hér eru laus pláss. Búið er að auglýsa eftir hjúkrunarfræðingi þar sem núverandi hjúkrunarfræðingur hættir 1. ágúst nk.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl.09:00